

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Nemendasjóð Gagnfræðaskólans við 79 Vonarstræti, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. maí 1957. 8. maí  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nemendasjóð Gagnfræðaskólans við Vonarstræti.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Nemendasjóður Gagnfræðaskólans við Vonarstræti.

### 2. gr.

Stofnfé hans er kr. 100.00, sem stjórn skólafélagsins hefur lagt fram. Í sjóðinn skal renna allur hagnaður, sem verða kanna af árshátiðum skólans. Sjóðurinn tekur við gjöfum og áheitum.

### 3. gr.

Verkefni sjóðsins er að styrkja nemendur Gagnfræðaskólans við Vonarstræti, ef veikindi og fjárskort ber að höndum eða þörf telst til styrkja af öðrum ástæðum, samkvæmt einróma álitum stjórnar sjóðsins.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Tvo kjósa nemendur úr sínum hópi til árs í senn, skólastjóri er sjálfkjörinn formaður.

### 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu kosnir til árs í senn af nemendum skólans.

### 6. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins getur almennur fundur nemenda skólans breytt, eftir að til hans hefur verið boðað með viku fyrirvara, fundarefnis getið og  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkingu breytinguna.

### 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

## AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fóðurlöndum.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið, að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. október 1947, um eftirlitsgjald af fóðurlöndum, skuli gilda óbreytt árið 1957.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. maí 1957.*

**Hermann Jónasson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

80

20. maí